

**AUGLÝSING**  
**um (3.) breytingu á gjaldskrá nr. 1210/2013**  
**fyrir norræna umhverfismerkið, Svaninn.**

1. gr.

Á eftir orðinu „hús“ í d-lið 1. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar kemur: og endurbætur á húsnaði.

2. gr.

Við 3. gr. gjaldskrárinnar bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Þrátt fyrir 1., 2. og 3. mgr. er lágmarksgjald fyrir vörur viðkomandi vöruflokka 21.000 kr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. gjaldskrárinnar:

- a. Í stað orðanna „Hótel, veitingastaðir og ráðstefnurými“ í 1. másl. 1. tölul. kemur: Hótel, gisti-  
staðir og veitingastaðir.
- b. Orðin „auk þess 247.500 kr.“ í b-lið 1. tölul. 2. mgr. falla brott.
- c. 2. másl. 1. tölul. orðist svo: Lágmarksgjald fyrir hvert hótel, gistað og veitingastað er  
55.000 kr.
- d. a-liður 3. tölul. orðist svo: 250.000 kr. fyrir hverja verslun allt að 5 verslunum. Fyrir hverja  
verslun, þegar fjöldi þeirra er 6-14, er greitt 125.000 kr. fyrir hverja verslun. Fyrir hverja  
verslun umfram 15 verslanir er greitt 67.500 kr.

4. gr.

Í stað 2. másl. 1. mgr. 6. gr. gjaldskrárinnar koma þrjár nýr másl., svohljóðandi: Minniháttar  
breyting, s.s. að breyta uppskrift vöru er innifalin í árgjaldi. Gjald fyrir miðlungs breytingu, s.s. að  
bæta við allt að 2 vörum í vörulínu eða taka upp nýja þjónustueiningu, er 43.400 kr. Gjald fyrir veru-  
lega breytingu, s.s. að bæta við þremur eða fleiri vörum í vörulínu eða bæta við fleiri en einni nýrri  
þjónustueiningu, er 86.800 kr.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt heimild í 35. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og  
mengunarvarnir öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 19. desember 2018.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

Stefán Guðmundsson.